

Uppboðsgerð uppboðsréttar Reykjavíkur 25. maí 1960.

Ár 1960, miðvikudaginn 25. maí, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur í Tjarnargötu 4 og haldinn af borgarfógeta Kristjáni Kristjánssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að taka til athugunar boð þau, er komu í húseignina nr. 7 við Skipholt, hér í bænum, eign Huldu og Axels Eyjólfssonar, á uppboði, sem fram fór 18. þ. m.

Hæstbjóðandi í eignina var Gústaf A. Sveinsson hrl. f. h. Sigfúsar Bjarnasonar stórkaupmanns og Arnbjörns Óskarssonar kaupmanns, og bauð hann kr. 2.000.000.00. Í réttinum er nú mættur Sigfús Bjarnason og með honum Gústaf A. Sveinsson hrl.

Mættur Sigfús greiðir nú í réttinum áfallinn kostnað við uppboðið svo og $\frac{1}{4}$ uppboðsverðs, auk þess sem kaupendur taka að sér að greiða eftirstöðvar af 1. veðréttarláni, kr. 20.000.00, miðað við 1. júní 1960. Er boð kaupenda hér með samþykkt, og njóta þeir arðs eignarinnar frá þessum tíma, enda greiði þeir almenna bankavexti af eftirstöðvum kaupverðsins, þar til það er að fullu greitt . . .

Mánudaginn 14. nóvember 1960.

Nr. 38/1958. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn

William George Hardie

(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Ákæra í máli þessu er reist á staðarákvörðunum, sem yfirmenn varðskipsins Þórs framkvæmdu með ratsjá hinn 15. desember 1957, eins og í héraðsdómi greinir. Lagði héraðsdómur miðanir og mælingar varðskipsmanna til grundvallar án athugunar á nákvæmni þeirra. Er greindar staðarákvarðanir voru framkvæmdar, var varðskipið búið tveimur ratsjám af Kelvin Hughes og Decca gerð, en eigi er í ljós leitt, hvora ratsjána varðskipsmenn notuðu.

Í sambandi við áfrýjun opinberra mála, sem risið höfðu af kærnum varðskipsins Þórs um fiskveiðibrot togara, voru hinn 16. október 1957 dómkvaddir í sakadómi Reykjavíkur þeir Sigurður Þorkelsson, yfirverkfræðingur í radiódeild Landssíma Íslands, Sigurður Halldórsson rafmagnsverkfræðingur, Ingólfur Þórðarson, siglingafræðikennari við Stýrimannaskólann í Reykjavík, og Jónas Sigurðsson, siglingafræðikennari við sama skóla, til þess að sannreyna á sem ýtarlegastan og tryggilegastan hátt nákvæmni ratsjártækja nefnds varðskips. Matsmenn framkvæmdu athuganir sínar hinn 8. desember 1957. Voru hinar sömu ratsjár, er hér koma við sögu, þá í varðskipinu. Rannsókn matsmanna leiddi í ljós ónákvæmni beggja ratsjárna. Á 10 sm kvarða reyndist mesta fjarlægðarskekkja Kelvin Hughes ratsjárinnar + 3% og mesta miðunarskekkja + 0.7°. Á sama kvarða reyndist mesta fjarlægðarskekkja Decca ratsjárinnar + 2%, en miðunarnákvæmni ratsjárinnar á þeim kvarða virðist ekki hafa verið prófuð.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa tveir sérfróðir menn, þeir Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, og Páll Ragnarsson siglingafræðingur markað á sjóupprátt nr. 73 staðarákvarðanir varðskipsins Þórs í máli þessu. Í fyrsta lagi hafa þeir markað staði togarans án þess að gera ráð fyrir skekkjum í miðunum og fjarlægðum, er fundnar voru með ratsjá varðskipsins. Í öðru lagi hafa þeir markað staði togarans á sjóuppráttinn og reiknað með greindum hámarksskekkjum, sem fundust á Kelvin Hughes ratsjárni hinn 8. desember 1957.

Niðurstöður hinna sérfróðu manna voru þessar:

I. Samkvæmt mælingum og miðunum varðskipsmanna hinn 15. desember 1957 án leiðréttinga reyndist

- a, staður togarans kl. 1514, um 0.6 sm innan fiskveiðimarkna,
- b, staður togarans kl. 1516, um 0.4 sm innan fiskveiðimarkna,
- c, staður togarans kl. 1523, um 0.2 sm innan fiskveiðimarkna,

d, staður togarans kl. 1535, um 0.05 sm innan fiskveiðimarkna og

E, staður dufls þess, sem varðskipið setti út við togarann kl. 1551, um 0.65 sm utan fiskveiðimarkna.

II. Samkvæmt sömu mælingum og miðunum varðskipsmanna með áður greindum leiðréttingum reyndist

a 1, staður togarans kl. 1514, um eða rétt innan við fiskveiðimörk,

b 1, staður togarans kl. 1516, um 0.2 sm utan fiskveiðimarkna,

c 1, staður togarans kl. 1523, um 0.4 sm utan fiskveiðimarkna,

d 1, staður togarans kl. 1535, um 0.5 sm utan fiskveiðimarkna og

E 1, staður dufls varðskipsins, um 1.0 sm utan fiskveiðimarkna.

Í refsímáli þessu verður við það miðað, að ónákvæmni ratsjár þeirrar, sem notuð var við staðarákvarðanir varðskipsins, hafi eigi verið minni ákærða í hag en Kelvin Hughes ratsjárinnar samkvæmt rannsókn matsmanna hinn 8. desember 1957.

Engin gögn eru fram komin um stað togarans, er hann hóf veiðiaðgerðir, né um siglingu hans frá þeim tíma, þar til staðarákvarðanir varðskipsins hófust kl. 1514.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ósannað, að ákærði hafi brotið gegn lagaboðum þeim, sem í ákæruskjali greinir. Ber því að sýkna hann af öllum kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af sökinni í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, William George Hardie, á að vera sýkn af öllum kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti

greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einars B. Guðmundssonar og Ágústs Fjeldsteds, kr. 8000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 16. desember 1957.

Árið 1957, mánudaginn 16. desember, kl. 20.45, var í sakadómi Seyðisfjarðar, sem haldinn var af Erlendi Björnssyni bæjarfógeta ásamt meðdómendunum Friðbirni Hólmi og Guðlaugi Jónssyni, kveðinn upp dómur í málinu: Ákærvaldið gegn William George Hardie, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er með ákæruskjali, dags. í dag, höfðað gegn William George Hardie, skipstjóra á brezka togaranum Churchill, GY 585, til refsingar samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951, fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara út af Glettinganesi innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952, og til upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 19. september 1917. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Í gær var varðskipið Þór stutt út af Loðmundarfirði á norðurleið um kl. 1514, er togari sást grunsamlega nálægt landi.

Samtímis var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Borgarnes, fjarlægð 3.8 sjóm.

Álftavíkurkinn, fjarlægð 1.1 sjóm.

Réttvísandi miðun á togarann var 037°, fjarlægð 7.4 sjóm. Gefa mælingar þessar togarann um 0.6 sjóm. innan fiskveiðitakmarka.

Kl. 1516 var gerð önnur staðarákvörðun:

Borgarnes, fjarlægð 3.8 sjóm.

Álftanes, fjarlægð 0.9 sjóm.

Réttvísandi miðun á togarann var 039°, fjarlægð 6.8 sjóm. Gefa mælingar þessar togarann um 0.4 sjóm. innan fiskveiðitakmarka.

Kl. 1523 var gerð þriðja staðarákvörðun:

Stóranes, fjarlægð 4.0 sjóm.

Álftanes, fjarlægð 2.2 sjóm.

Réttvísandi miðun á togarann var 039°, fjarlægð 5.1 sjóm. Gefa mælingar stað togarans um 0.2 sjóm. innan fiskveiðitakmarka.

Kl. 1535 var gerð fjórða staðarákvörðun:

Stóranes, fjarlægð 3.7 sjóm.

Álftanes, fjarlægð 4.9 sjóm.

Réttvísandi miðun á togarann var 034°, fjarlægð 2,5 sjóm. Gefa mælingarnar stað togarans um 0.1 sjóm. innan fiskveiðitakmarka.

Kl. 1542 var skotið lausu skoti að togaranum og aftur kl. 1542, 1543, og 1544. Um sama leyti og síðasta skotinu var skotið, nam togarinn staðar. Reyndist það vera Churchill, GY 585, og var með stjórnbörðsvörpu í sjó.

Kl. 1551 var sett út dufl rétt utan við togarann og gerð svo felld staðarákvörðun:

Glettinganes, fjarlægð 5.25 sjóm.

Álftanes, fjarlægð 8.05 sjóm.

Samtímis var réttvísandi miðun af Glettinganesi 291°, fjarlægð yfir mitt nesið 5.35 sjóm. Dýpi 62 metrar.

Ákærði telur, að mælingar varðskipsins muni vera réttar. En ekki kveður hann það hafa verið ætlun sína að toga innan fiskveiðitakmarka.

Samkvæmt framangreindum mælingum og játningu ákærða sjálfs hefur hann í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarka og þar með gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og varðar það hann refsingu samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951.

Þar sem skip ákærða, togarinn Churchill, GY 585, er samkvæmt mælibréfi 612.75 rúmlestir brúttó, þykir refsing ákærða með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu hæfilega ákveðin kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innanborðs í togaranum Churchill, GY 585, svo og veiðarfæri hans öll, að meðtöldum dragstrengjum, skal vera upp-tækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, William George Hardie, greiði kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innanborðs í togaranum Churchill, GY 585, svo og veiðarfæri hans öll, að meðtöldum dragstrengjum, skal upptækt vera til handa sama sjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. nóvember 1960.

Nr. 122/1960. **Ákærvaldið** (Sigurður Baldursson hdl.)

gegn

Guðjóni Atla Árnasyni

(Haukur Jónsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Nauðgunartilraun.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsivist ákærða ákveðst tvö ár og sex mánuðir.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 7000.00 til hvors.

Lögreglumenn gættu ekki nægjanlega ákvæða 35. gr. laga nr. 27/1951 við upphaf rannsóknar í málinu. Sérstaklega er aðfinnsluvert, að ekki skyldi þegar að kvöldi þess 6. apríl 1959 framkvæmd ýtarleg læknisskoðun á stúlkunni X né nákvæm athugun á vettvangi.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Atli Árnason, sæti fangelsi tvö ár og sex mánuði.